

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 18/2015

Reykjavík, 21.09.2015
2015090277

Efni: Innköllun á Chocolate and Love Dark Chocolate with Coffee vegna aðskotahlutar.

Kaupás ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla frá neytendum súkkulaðið **Dark Chocolate with Coffee** frá **Chocolate and Love** þar sem aðskotahlutur fannst í einu súkkulaðistykki.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: Chocolate and Love.

Vöruheiti: Coffee 55% - Dark Chocolate with Coffee.

Strikanúmer: 5060270120032.

Nettómagn: 100 g.

Best fyrir: 17.04.2016.

Framleiðsluland: Sviss.

Innflytjandi: Kaupás ehf., Skarfagörðum 2, 104 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir Krónunnar og Nóatúns um land allt.

Viðskiptavinum sem hafa verslað vöruna í framangreindum verslunum er bent á að skila henni í viðkomandi verslun.

